



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

5. töl. maí 2013



Meðal efnis:

Ný ríkisstjórn	2
Námstefna um félagsþjónustu	4
Námskeið um öruggt skólastarf	6
Starfsmats vinnustofa	8
NPA	10
Framtíðaráskoranir sveitarfélaga	13
Menntun innflytjenda	16

Stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar



Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar kom saman á ríkisráðsfundi á Bessastöðum, miðvikudaginn 23. maí 2013. Myndin er fengin af vef Stjórnarráðsins.

Að afloknum alþingiskosningum í apríl sl. var öllum þingmönnum sent bréf frá sambandinu með upplýsingum um helstu áherslur sambandsins í samskiptum þess við Alþingi og ríkisstjórn. Eru þær hluti af ítarlegri stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem gildir fyrir árin 2011-2014.

Áhersla á eflingu sveitarstjórnarstigsins

Óskað var eftir því, að við gerð stefnuyfirlýsingar nýrrar ríkisstjórnar yrði sem mest tillit tekið til stefnumörkunarinnar. Nú liggur stefnuyfirlýsingin fyrir og er sveitarfélaganna getið þar í einstaka greinum.

Mar og sveitarfélögin

Fram kemur að ríkisstjórnin leggi áherslu á áframhaldandi styrkingu sveitarstjórnarstigsins og frekara samráð við sveitarfélögin um flutning verkefna til þeirra. Þetta er í góðu samræmi við óskir sambandsins eins og ákvæðið um að unnið verði að samþættingu opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana í samvinnu við sveitarfélögin. Þannig verði hlutverk sveitarstjórna og heimamanna á hverjum stað aukið við forgangsröðun verkefna í héraði. Með sama hætti er ákvæðið um að áhersla verði lögð á að bæta stjórnsýslu og þjónustu ríkisins, m.a. með auknu samstarfi ríkis og sveitarfélaga, rafrænni stjórnsýslu og hagnýtingu upplýsingatækni í samskiptum við íbúa, í samræmi við óskir sambandsins.

Breytingar ekki mögulegar án aðkomu sveitarfélaganna

Í stefnuyfirlýsingunni kemur fram að leitað verði leiða til að stytta nám að háskólastigi og auka samfellu milli skólastiga, en sambandið hefur um nokkurt skeið kallað eftir umræðu og athugun á kostum þess að stytta námstímann til útskriftar úr framhaldsskóla. Það sem vekur á hinn bóginn athygli er að í tengslum við þetta er vísað til 10 punkta samkomulags sem menntamálaráðherra og formaður Kennarasambands Íslands skrifuðu undir 2. febrúar 2006 og fjallar um ýmsa þætti í fræðslumálum.

Þetta samkomulag var gagnrýnt alvarlega af sambandinu og sveitarfélögunum á sínum tíma, vegna þess að sambandið var ekki aðili að þessu samkomulagi, þó svo að sveitarfélögin beri ábyrgð á rekstri leik- og grunnskóla. Að auki er búið að framkvæma flesta þætti þessa samkomulags, svo líta verður á að tilvísun í samkomulagið hjóti að vera byggð á einhvers konar misskilningi. Það er hlutverk sambandsins að koma leiðréttingum á framfæri í tengslum við þetta ákvæði, auk þess að kynna fyrir hinum nýja menntamálaráðherra áherslur sambandsins í fræðslumálum. Án samkomulags við sveitarfélögin er vart hægt að hugsa sér miklar breytingar á fyrstu tveimur skólastigunum.

Fleiri áhugverð málefni sem varða sveitarstjórnarstigið fá með beinum eða óbeinum hætti einnig umfjöllun í stefnuyfirlýsingunni. Þau þurfa frekari úrvinnslu við í samvinnu við sveitarfélögin og sambandið. Ljóst er að sambandið mun ekki liggja á liði sínu við að gæta hagsmuna sveitarfélaga við vinnslu þeirra. Það verður gert í sem bestri sátt við ráðherra, ráðuneyti og alþingismenn með sama hætti og áður í samskiptum við þessa aðila. Leiðarljósið verður í samræmi við hlutverk og stefnumörkun sambandsins eins og við á hverju sinni.

ESB námsstefna um innleiðingu félagslegrar þjónustu á sveitarstjórnarstigi

Þann 17. apríl sl. fór 38 manna hópur kjörinna sveitarstjórnarmanna og stjórnenda í félagsþjónustu á Íslandi til Brussel á námskeið í félagsmálastefnu Evrópusambandsins. Um var að ræða þriggja daga skipulagt námskeið með erindum hinna ýmsu sérfræðinga ESB en jafnframt var farið í heimsókn til sveitarstjórnarskrifstofu í Brussel til að skoða aðstæður fatlaðs fólks á vinnumarkaði þar í landi.

Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel, tók á móti hópnum fyrsta daginn og stýrði námskeiðinu alla dagana. Guðrún Dögg byrjaði á því að kynna starfsemi sambandsins í Brussel, en auk þess að veita skrifstofunni forstöðu ber hún ábyrgð á rekstri hennar. Fram kom hjá Guðrúnu Dögg að Brussel skrifstofa sambandsins á aðild að samstarfsneti starfsmanna evrópskra



Meðal sveitarstjórnarmanna á námskeiðinu voru Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps, Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, Jón Kristján Rögnvaldsson, félagsmálastjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði, og Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótisdalshéraðs.

FÉLAGSPJÓNUSTA



fyrir aðildarlöndin um félagslega þjónustu. Markmið kerfisins er m.a. að veita aðildarríkjunum leiðbeinandi aðstoð við að skilgreina, tryggja, bæta og meta gæði félagslegrar þjónustu.

sveitarfélagasambanda þar, tekur þátt í starfi CEMR og EFTA og sinnir tengslum við fastanefnd Íslands í Brussel. Jafnframt er fylgst með málum sem eru til meðferðar hjá stofnunum ESB og EFTA og annast móttöku og fræðslu fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn.

Í erindum sérfræðinganna var m.a. fjallað um aðildarviðræður Íslands og ESB, en um er að ræða 33 kafla um hin ýmsu málefni sem semja þarf um. Mikið var fjallað um félagsmálastefnu ESB sem var megintilgangur ferðarinnar, en m.a. var kynnt til sögunnar nefnd um félagslega vernd (Social protection Committee) sem samþykkti nýlega valfrjálst gæðakerfi

Jafnframt var fjallað um réttindi fatlaðs fólks og fjallað var sérstaklega um nýja áætlun í málefnum fatlaðs fólks frá árinu 2012 í tengslum við það að ESB fullgillti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í desember sl. Áætlunin sem kynnt var miðar að því að gera fötlðu fólki kleift að taka fullan þátt í samfélaginu, uppræta mismunun vegna fötlunar og tryggja full mannréttindi fatlaðs fólks.

Góður rómur var gerður að námskeiðinu hjá íslensku þátttakendum. Töluverðar umræður sköpuðust í hópnum og ekki síst fyrir utan námskeiðið. Þátttakendur námskeiðsins voru á einu máli um gagnsemi og gæði þess.



Rétt málsmeðferð – öruggt skólastarf

Nýlokið er námskeiðshring Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rétta málsmeðferð og öruggt skólastarf. Alls voru haldin átta námskeið vítt og breitt um landið



Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá sambandinu, og Sigríður Thorlacius, lögfræðingur hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, voru meðal leiðbeinenda á námskeiðunum.

og var markhópurinn skólastjórnendur, fræðslustjórar og aðrir starfsmenn sveitarfélaga sem starfa að málefnum grunnskóla auk formanna skólanefnda.

Markmið námskeiðanna var að auka þekkingu þátttakenda á inntaki stjórnáslureglna svo þeir geti beitt þeim af öryggi í daglegu starfi, greint hvenær þær eiga við og hvernig þeir almennt fylgja góðum stjórnásluháttum í skólastarfinu. Fjallað var um samspil grunnskólalaga og stjórnáslulaga, auk tiltekinna meginreglna í öðrum lögum, svo sem barnalögum, upplýsingalögum og persónuverndarlögum. Þá fengu þátttakendur raunhæf verkefni til úrlausnar í tengslum við afmörkuð álitaeefni.

Mikill áhugi og ánægja

Mikill áhugi reyndist fyrir námskeiðunum því alls skráðu sig ríflega fjögur hundruð

SKÓLAMÁL



Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, hafði veg og vanda af undirbúningi námskeiðanna í samstarfi við fulltrúa skólastjórafélagsins.

manns til þátttöku. Þá kom jafnframt fram mikil ánægja þátttakenda með námskeiðin, en allir fengu rafrænt námskeiðsmat til útfyllingar að því loknu. Spurt var t.a.m. um það hvort viðkomandi teldi sig geta hagnýtt sér efnið í starfi, sem flestir töldu óyggjandi, hvernig þeir mátu hæfni leiðbeinenda á námskeiðunum til að miðla efninu, hversu áhugavert efnið var og fleira í þeim dúr. Athyglisvert var að sjá hversu margir tiltóku að mikið gagn hefði verið að þeim raunhæfu verkefnum sem lögð voru fyrir.

Fleiri námskeið fyrirhuguð

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigríður Thorlacius, lögfræðingur hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, Guðni Olgeirsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, og

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Stefnt er að því að setja upp námskeið á komandi vetri er lýtur að starfsmannamálum í skólaumhverfinu, hæfisreglum og fleiru af þeim toga fyrir þennan sama markhóp.

Á vef sambandsins eru upptökur frá síðasta námskeiðinu sem fór fram á Hótel Natura í Reykjavík 10. maí 2013.



Guðni Olgeirsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands.

KJARAMÁL

Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum



Fulltrúar heildarsamtaka á almennum og opinberum vinnumarkaði kynntu skýrslu vinnuhóps samtakanna um fyrirkomulag kjarasamninga annars staðar á Norðurlöndum þriðjudaginn 21. maí síðastliðinn. Skýrslan er samantekt vinnuhópsins sem aflað var með heimsókn til Danmerkur, Finnlands, Noregs og

Svíþjóðar þar sem fundað var með fulltrúum launþegasamtaka, vinnuveitenda og embættis ríkissáttasemjara. Tilgangur þessa verkefnis var öflun upplýsinga um helstu þætti sem snerta skipulag og gerð kjarasamninga í þessum löndum.


Næsta skref vinnuhópsins er að meta þessar upplýsingar og athuga hvaða fyrirmyndir gætu hugsanlega gagnast íslenskum vinnumarkaði sem stuðli að aukinni skilvirkni við gerð kjarasamninga.

Eftirtalin samtök eiga fulltrúar í framangreindum vinnuhóp:

- Alþýðusamband Íslands,
- Bandalag starfsmanna ríkis og bæja,
- Bandalag háskólamanna,
- Kennarasamband Íslands,
- Samtök atvinnulífsins,
- Samband íslenskra sveitarfélaga og
- fjármálaráðuneytið.

Ríkissáttasemjari hefur einnig tekið þátt í starfi vinnuhópsins.

Skýrslu vinnuhópsins má nálgast á vefsíðu sambandsins.



Starfsmatssérfræðingar frá Bretlandi í heimsókn á skrifstofu sambandsins

– Stefnt að áframhaldandi samvinnu

Tveir starfsmatráðgjafar frá mannauðsráðgjafaryfirtækinu Pilat í London, heimsóttu Ísland dagana 22. og 23. maí sl. Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga skipulagði heimsóknina í samvinnu við skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík.

Haldin var tveggja daga vinnustofa með ráðgjöf og þjálfun fyrir starfsmatráðgjafa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og stjórnendur þeirra. Farið var yfir verkferla og framkvæmd starfsmatsvinnunnar. Fræðslu- og upplýsingamál voru fyrirferðarmikil, enda mikilvægur þáttur í að tryggja gæði starfsmatsniðurstöðu. Nauðsynlegt er að ráðgjafarnir njóti reglulegrar sí- og endurmenntunar og að góð fræðsla sé í boði fyrir alla þá sem að starfsmatsferli koma með einum eða öðrum hætti.

Í lok vinnustofunnar fengu starfsmatráðgjafar og stjórnendur endurgjöf frá

Pilat ráðgjöfunum og tillögur að næstu skrefum að áframhaldandi samvinnu aðila. Sú samvinna felst einkum í að flytja gagnagrunn starfsmatsins yfir á vefútgáfu kerfisins, sem hefur þá kosti að einfalda utanumhald og vinnslu starfsmatsgagna. Ekki er um nýja útgáfu sjálfs starfsmatskerfisins að ræða, heldur bætt hugbúnaðarumhverfi með fjölbreyttari möguleikum við úrvinnslu starfsmatsgagna, sem ættu að einfalda og flýta starfsmatsferlinu. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum þeirra viðsemjenda sambandsins og Reykjavíkurborgar, sem samið hafa um starfsmat og þeim kynntar niðurstöður vinnustofunnar.

Á næstu vikum munu sambandið og Reykjavíkurborg vinna sameiginlega úr niðurstöðum vinnustofunnar.

FJÁRMÁL

Skil á ársreikningum sveitarfélaga 2012

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags eigi síðar en 15. maí ár hvert. Jafnframt segir í 2. mgr. 76. gr. laganna að ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðenda, skuli senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí.

Á grundvelli samkomulags innanríkisráðuneytisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, frá 13. apríl 2012, hefur verið ákveðið að sveitarfélögin skuli skila ársreikningum vegna ársins 2012 til Hagstofu Íslands í gegnum vefþjónustu hagstofunnar. Sveitarfélögin hafa fengið sent notendanafn og lykilorð ásamt leiðbeiningum.

Það sem ber að hafa í huga varðandinn skilin eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi þurfa sveitarfélögin að fylla út sérstakt innsláttarform sem er á heimasíðu hagstofunnar. Um er að ræða rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.
2. Í öðru lagi þurfa sveitarfélögin að senda sundurliðaðan ársreikning rafrænt beint úr sínu bókhaldskerfi.



3. Í þriðja lagi þurfa sveitarfélögin að senda rafrænt eintak af ársreikningi (t.d. á PDF formi)

Sveitarfélögin eru hvött til að skila þessum upplýsingum sem allra fyrst, svo að hægt sé fara vinna úr þeim og birta niðurstöður.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA



Vorfundur Samtaka orkusveitarfélaga haldinn í Þingeyjarsveit

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hélt vorfund sinn dagana 16. og 17. maí sl. Heimsótti stjórnin Þingeyjarsveit, en þar tók Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri á móti hópnum. Stjórnarfundur var haldinn að Laugum í Reykjadal.

Meginumfjöllunarefni fundarins var stefnumótun samtakanna og undirbúningur fyrir orkufund næsta haust

Síðan var Laxárvirkjun skoðuð, en rafmagnsframleiðsla hófst þar árið 1939.

Þrátt fyrir erfiða færð gerði stjórnin sér ferð að Þeistareykjum síðari daginn. Á Þeistareykjum er gert ráð fyrir uppbyggingu jarðvarmavirkjunar, en rannsóknir gefa til kynna að þetta svæði bjóði upp á mikla möguleika.

FÉLAGSPJÓNUSTA

Málþing um notendastýrða persón

Þann 11.–12. apríl 2013 var haldið samnorrænt málþing í Stokkhólmi um stöðu NPA á Norðurlöndunum. Á málþingið var boðið fulltrúum frá velferðarráðuneytum Norðurlandanna, samtökum sveitarfélaga og hagsmunasamtökum í málefnum fatlaðs fólks.

Fulltrúar Íslands voru Þór Þórarinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu, Bryndís Snæbjörnsdóttir f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar og Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins.



Málþingið fjallaði um rétt einstaklinga með fötlun til persónulegrar aðstoðar. Útgangspunktur umræðunnar var að umbætur á hefðbundinni þjónustu geti aukið til muna sjálfstæði einstaklinganna og möguleika til þátttöku í samfélaginu.

Fulltrúar á málþinginu voru sammála um að samhliða þessu þyrfti að endurskoða það lagaumhverfi sem löndin hafa sett um NPA; ákvæði þar að lútandi þurfi að vera skýr og aðgengileg fyrir bæði notendur og sveitarfélög. Auk þess sé nauðsynlegt að tryggja bæði gæði þjónustunnar og eftirlit, þannig að NPA geti áfram verið valkostur til framtíðar.



Reynsla Svía mikilsverð

Mikill áhugi var á reynslu Svía af NPA en með lagasetningu þar að lútandi árið 1993 urðu Svíar brautryðjendur þegar kemur að NPA á Norðurlöndum. Svíar telja NPA vera góðar umbætur á hefðbundinni þjónustu sveitarfélaga sem jafnframt leggur grunninn að nýjum möguleikum fyrir marga til að stjórna eigin lífi. Lögin hafa gefið einstaklingunum aukið frelsi, en

Mögulega aðstoð (NPA) á Norðurlöndunum



breytingarnar hafa þó reynst mun dýrari en löggjafinn hafði reiknað með. Auk hafa umræður um misferli aukist á síðustu árum. Heildarendurskoðun fer nú fram á löggjöfinni sem snýr að NPA í Svíþjóð og fram hafa komið áhyggjur notenda vegna þess.

Fram kom hjá fulltrúa sambands sveitarfélaga í Svíþjóð að það væri krafa þeirra að ríkið tæki alfarið yfir NPA þjónustuformið, þar sem grá svæði milli ríkis og sveitarfélaganna þykja flækja útfærsluna og telja menn þar í landi að í fjárhagslegum samskiptum halli nokkuð á sveitarfélögin.

Breytinga að vænta í Finnlandi

Fulltrúar Finnlands og Íslands töldu sig geta haft mikið gagn af því að nýta reynslu annarra norrænna ríkja við innleiðingu NPA hjá sér, þar sem þau eru skemmt á veg komin með að þróa NPA. Lög

um málefni fatlaðra í Finnlandi eru nú í heildarendurskoðun. Þar í landi er stefnan að draga úr stofnavistun sem enn er við lýði, en lagasetningin miðar m.a. að því að árið 2020 muni enginn einstaklingur eiga heimili á stofnun.

Endurskoðun lokið í Danmörku

Endurskoðun á lögum um NPA er nýlokið í Danmörku, en þar voru engar breytingar gerðar á notendahópnum, sem eins og fyrr takmarkast við þá sem sinnt geta verkstjórn án þess að verulegur viðbótarstuðningur þurfi til að koma. Hins vegar voru miklar breytingar gerðar sem snúa að framkvæmd þjónustunnar, þá einna helst sem snýr að samræmingu. Sveitarfélögin hafa gagnrýnt að framkvæmdin væri of flókin sem gerði það að verkum að erfitt væri að gæta jafnræðis á milli sveitarfélaga. Það hefur breyst við endurskoðunina.

Óvíst með lögfestingu í Noregi

NPA er einnig takmarkað í Noregi við þá sem geta sjálfir stýrt þjónustunni. Þar er NPA þjónustuformið ekki lögbundið, en fyrir liggur frumvarp til Stórþingsins um mögulega lögfestingu. Óvíst er hins vegar á þessari stundu hvort það nái fram að ganga.



Framtíðarþing um farsæla öldrun

– Niðurstöður og tillögur að aðgerðum –

Fimmtudaginn 7. mars sl. var haldið Framtíðarþing um farsæla öldrun í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Samband íslenskra sveitarfélaga var ein þeirra níu stofnana sem stóðu að þinginu, en tilefni þess var Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna 2012 hjá Evrópusambandinu.

Leiðarljós þingsins var m.a. að vekja jákvæða athygli á öldruðum, skapa umræðu um öldrunarmál og leiðbeiningar til stjórnvalda. Fyrirkomulag þingsins byggði á sömu hugmyndafræði og notuð var á Þjóðfundi 2009 og 2010. Alls tóku 126 manns þátt í þinginu og var þeim skipt upp í fjóra hópa sem glímdu við eftirfarandi spurningar:

- Hvað er það besta við að eldast?

- Hvaða væntingar hefur samfélagið til aldraðra og hverjar eru væntingar aldraðra til samfélagsins?
- Hvað er farsæl öldrun?
- Hvernig stuðlum við að farsælli öldrun?

Helstu niðurstöður þingsins, dregnar saman í örstutt mál, eru m.a. að nauðsynlegt sé að skapa jákvæðara viðhorf til aldraðra, að komið sé fram við þá sem einstaklinga en ekki einsleitan hóp, að hlustað sé á þarfir aldraðra og að vera sáttur við lífsferilinn og hafa jákvætt viðhorf til lífsins.

Nú hefur verið gefin út skýrsla með niðurstöðum þingsins og tillögum að aðgerðum en Ingrid Kuhlman hjá Þekkingarmiðlun ehf. sá um heildarskipulag þingsins og ritun skýrslunnar.

Skýrslan í heild á vef sambandsins.

Menntun innflytjenda – morgunverðarfundir



Í framhaldi af Hringþingi um menntun innflytjenda, í samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjölmenningsseturs og Reykjavíkurborgar, hafa verið haldnir tveir morgunverðarfundir um sama málefni. Fundirnir hafa verið teknir upp og eru upptökur aðgengilegar á vef sambandsins.

Hér má finna upptöku frá fundinum 5. apríl en á honum var fjallað um öfluga náms-

og starfsfræðslu innflytjenda. Og hér má sjá upptöku frá fundinum 3. maí um virkt tvítyngi og íslenskuskennslu.

Eftir er að halda tvo morgunverðarfundir til viðbótar en þeir verða haldnir annars vegar 31. maí og hins vegar 13. júní. Báðir fundirnir verða haldnir á Grand hótél í Reykjavík og hefjast kl. 8:00.

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Færeyjar sóttar heim



Stjórn hafnasambandsins á Þinganesi við Þórshöfn.

Vorferð stjórnar Hafnasambands Íslands var farin til Færeyja dagana 24.–26. maí sl. Síðast fór stjórn hafnasambandsins til Færeyja árið 2004. Við komuna til Færeyja var haldið í heimsókn til Sörvágs, sem er við flugvöllinn, og þar skoðuð hafnarstarfsemin og laxeldi í Sörvágsfirði, en laxeldi er mjög víða í fjörðum Færeyja, enda Færeyingar stórir útflytjendur á eldislaxi. Á laugardag var í byrjað á heimsókn til Runavíkur, en í

Runavík er m.a. hafnaraðstaða sem þjónar olíuleit, en að auki eru þar talsvert um heimsóknir stærri togara.

Þá var haldið til Eystur Kommunu (Götu og Leirvík) og skoðað hvernig Færeyingar vinna gulllax. Í Fuglafirði fékk stjórnin kynningu á hafnarstarfseminni, en í Fuglafirði er talsvert landað af uppsjávarfiski. Farið var í heimsókn

Í fyrirtækið Havsbrun sem framleiðir mjöl og fóður og svo í einstaka frystigeymslu Bergfrost – en frystigeymslan er í raun göng inn í fjall. Efnið sem kom úr göngunum var hins vegar notað í landfyllingar við höfnina. Frá Fuglafirði var haldið til Klaksvíkur. Klaksvík er ein helsta fiskihöfn Færeyja, auk þess sem umferð skemmtiferðaskipa þangað er vaxandi.



Guðný Sverrisdóttir og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir á leið til Sörvágs.

Á sunnudag var fundað með fulltrúum Þórshafnar og rætt um aðstöðu hafnarinnar í Þórshöfn, Sund og í Kollafirði. Að fundi loknum var siglt út í Nolsoy, sem liggur rétt undan Þórshöfn og er reyndar hluti af sveitarfélaginu.

Í alla staði var ferðin afar áhugaverð og fróðleg. Móttökur Færeyinga voru að venju á heimsklassa enda gestrisni þar engu

lík. Í Færeyjum eru engin sér hafnalög, en gjaldskrár settar af hverri höfn fyrir sig. Uppbygging gjaldskráa er í nokkru frábrugðin því sem þekktist á Íslandi t.d. varðandi fisk og vörur. Augljóst er að Íslendingar og Færeyingar geta lært hvorir af öðrum varðandi hafnamál – og í vaxandi umsvifum í Norðurhöfum má ætla að aukið samstarf á milli landanna á þessu sviði sé skynsamleg.



Laxeldi í Sörvági skoðað.



Í frystigeymslu Bergfrost í Fuglafirði.

STJÓRNSÝSLA

Dómur um almenningssamgöngur á Austurlandi



Héraðsdómur Austurlands kvað upp dóm í máli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þann 6. maí sl. Í málinu gerði SSA þær kröfur að viðurkennt yrði með dómi að Sterna

væri óheimilt að stunda reglubundna fólksflutninga á áætlunarleiðinni Höfn – Egilsstaðir – Höfn og að lögbann sem sýslumaðurinn á Höfn lagði 18. júlí 2012 við reglubundnum fólksflutningum Sterna á þessari áætlunarleið yrði staðfest.

Forsaga málsins er að SSA og Vegagerðin gerðu með sér samning 22. desember 2011 um skipulagningu almenningssamgangna á Austurlandi, þar sem SSA gekkst undir ákveðnar skyldur til að skipuleggja og tryggja almenningssamgöngur á starfssvæði sínu, með því að halda uppi reglubundnum fólksflutningum gegn greiðslu árlegs styrks frá Vegagerðinni.

Í málinu var byggt á því af hálfu SSA að Sterna væri óheimilt að stunda og auglýsa reglubundna fólksflutninga á starfssvæði SSA, enda bryti það gegn einkaleyfi

SSA á þessari leið, sbr. 7. grein laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Því til sönnunar vísaði SSA m.a. til auglýsinga á heimasíðu Sterna um daglegar áætlanir fólksflutningabifreiða á greindri leið, þar sem ekki komu fram neinar takmarkanir á því hverjir gætu nýtt sér þjónustu fyrirtækisins. Einnig lágu frammi í málinu lögregluskýrslur sem SSA taldi staðfesta meint brot af hálfu Sterna.

Meginatriði málsins

Varnir Sterna byggðu m.a. á því að ferðir félagsins á tilgreindri leið stæðu ekki öllum opnar heldur einungis þeim sem væru handhafar svokallaðra hringmiða. Af hálfu stefnda var skilmálum hringmiða lýst þannig að slíkur miði veitti aðgang að einungis einni hringför um landið og væri í upphafi ferðar valið hvort ferðast væri réttisælis eða rangsælis um landið.

Niðurstaða dómsins var að SSA hefði ekki hrakið fullyrðingar Sterna um að akstur á umræddri leið væri einungis opin handhöfum hringmiða. Dómurinn komst í kjölfarið að þeirri niðurstöðu að þjónusta Sterna á umræddri leið, fyrir handhafa hringmiða, félli ekki undir hugtakið

landi

reglubundnir fólksflutningar, samkvæmt skilgreiningu d. liðar 3. gr. laga nr. 73/2001. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar.


Lagabreytingar á sumarþingi?

Í innanríkisráðuneytinu er nú unnið að frumvarpi, sem fyrirhugað er að leggja fram á sumarþingi, þar sem ætlunin er að kveða skýrar á um inntak einkaleyfis rekstraraðila

almenningssamgangna og mörkin milli almenningsamgangna og almennra farþegaflutninga með ferðamenn. Í þeim frumvarpsdrögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga fékk til umsagnar er miðað við að akstur með farþega sem hafa hringmiða, á borð við þá sem fjallað var um dómnum að framan, verði heimill. Hins vegar verði öðrum en einkaleyfishafa óheimilt að taka fyrirvaralaust upp aðra farþega á biðstöðvum almenningsamgangna.



ALÞJÓÐAMÁL



Hur smá kan man vara?

- lýðræðisdagur sænskra sveitarfélaga

Sænska sveitarfélagasambandið, SKL, stendur árlega fyrir lýðræðisdegi sveitarfélaga, „Demokratidagen“. Yfir 400 sveitarstjórnarmenn tóku þátt í „Demokratidagen 2013“, sem var haldinn í Stokkhólmi 24. apríl sl., og ræddu stöðu lýðræðisins, íbúasamráð, kröfur til pólitískrar stjórnenda í breyttri heimsmynd, hvernig hægt sé að fá borgarana til að taka þátt í samfélagsverkefnum og sýna ábyrgð og hvernig sé hægt skapa traust á milli íbúa og kjörinna fulltrúa.

Lýðræðisráðherra Svíþjóðar ávarpaði fundinn og vék m.a. að því að bregðast þurfi við því að kjörnir fulltrúar verða í vaxandi mæli fyrir ofbeldi og hótunum í Svíþjóð. Hin gamalreynda Mona Sahlin, fyrrverandi formaður sænskra „socialdemokrata“, fjallaði um hin lýðræðislegu úrlausnarefni, m.a. hvernig völdin spilla – alltaf!


Haldnar voru fjölmargar áhugaverðar málstofur. Meðal þeirra var málstofa með yfirskriftina: Hversu lítil geta þau verið? Hún fjallaði um breytingar á

sveitarfélagaskipaninni á Norðurlöndum út frá þróuninni í Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, var þar með framsögu. Danir hafa þegar innleitt umfangsmiklar sameiningar sveitarfélaga sem þykja hafa tekist vel og ekki komið niður á lýðræðinu, þar sem stærri sveitarfélög hafa meiri burði til að



beita markvissu íbúasamráði. Finnar hyggjast nú fylgja í fótspor Dana en þeir telja að fámennu sveitarfélögin þeirra muni ekki geta staðið undir framtíðaráskorunum vegna öldrunar íbúa og auknum kröfum um þjónustu. Á Íslandi er aftur á móti annað uppi á teningnum og yfirgnæfandi meirihluti íslenskra sveitarfélaga eru svo örflítill að undrun sætir fyrir utan landsteinana.

Ein málstofan fjallaði um norrænt samanburðarverkefni sem finnska og sænska sveitarfélagasambandið standa fyrir. Í því eru pólitísk stjórnkerfi og stjónsýsla norrænna sveitarfélaga borin saman. Hafnarfjarðarkaupstaður og Kópavogsbær taka þátt í þessu verkefni



og mun afraksturinn birtast fljótlega, m.a. í rafbók sem er nýmæli í útgáfustarfsemi norrænu sambandanna.

Fjöl margar áhugaverðar kynningar frá lýðræðisdeginum má finna hér og á þessum tengli eru gagnlegar upplýsingar um vinnu sænska sveitarfélagasambandsins að íbúalýðræðismálum, en sænsk sveitarfélög eru í fararbroddi í Evrópu og þótt víðar væri í leitað í markvissu íbúasamráði.




ALÞJÓÐAMÁL

Framtíðaráskoranir sveitarfélaga

Á lýðræðisdegi sænskra sveitarfélaga var fjallað um þær geysimiklu breytingar sem orðið hafa á sænsku samfélagi undanfarna áratugi þar sem einstaklingsheimilum hefur fjölgað úr 25% 1970 í 49%, hjónaskilnuðum úr 6% í 22%, og 34% eru nú í hjónabandi í stað 48% 1970. Í Svíþjóð er starfandi sérstök framtíðarnefnd sem hefur nýlega birt lokaskýrslu sína um þær áskoranir sem sænskt samfélag þarf að takast á við næstu áratugi, allt til 2050, sjá <http://www.framtidskommissionen.se/>.

Niðurstöður skýrslunnar voru undirliggjandi í mörgum framsögum. Þannig hefur verið áætlað að sænsk sveitarfélög og landsþing muni þurfi að ráða 420.000 nýja starfsmenn fram til ársins 2020 til að takast á við þyngri þjónustuverkefni og að sænsk sveitarfélög muni þurfa að hækka skatta um 13 krónur á íbúa árið 2025 til að geta veitt sömu þjónustu og veitt er 2012. Því er spáð að helmingur þeirra sem fæðist í dag muni verða meira en 100 ára gamlir. Vegna þessarar þróunar er óhjákvæmilegt að sænsk sveitarfélög muni í vaxandi mæli þurfa að reiða sig á erlent vinnuafli en



samkeppni um það á eftir að aukast þar sem lýðfræðileg þróun er svipuð í öllum Evrópuríkjum. Þess vegna gera Svíar sér grein fyrir mikilvægi þess að þróa vinnumarkaðinn þannig að útlendingum þyki eftirsóknarvert að setjast að í Svíþjóð.

SAMBANDIÐ

Bæjarhátíðir á vefsíðu sambandsins

Allt frá árinu 2008 hefur skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga safnað saman upplýsingum um bæjarhátíðir víðs vegar um land.

Það er óhætt að segja að þessi þjónusta sambandsins hafi slegið í gegn og eru heimsóknir á vefsíðuna sem vistar umræddar upplýsingar fjölmargar á ári hverju. Þá hafa margir aðilar í ferðaþjónustu óskað eftir því við sambandið að fá heimild til að tengja inn á síðuna.

Langflestir viðburðir sem óskað er eftir að getið sé á vef sambandsins eru settir þar inn en þó hefur verið takmarkað að setja þar inn ýmis íþróttamót. Þá hefur verslunarmannahelgin farið heldur halloka, enda viðburðir þá helgi kannski ívið of margir til að rúmast á síðunni.

Tengill á bæjarhátíðir á vefsíðu sambandsins.

Bæjarhátíðir

◀ júlí 2013 ▶

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Kynning á starfsmönnum sambandsins



**Sólveig B.
Gunnarsdóttir**

Sólveig hóf störf á kjarasviði 1. júní 2011.

Sólveig annast greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitafna á sviði kjara- og starfsmannamála og veitir stjórnendum sveitarfélaga ráðgjöf í vinnurétti. Hún tekur þátt í kjaraviðræðum og kjarasamningagerð, auk þess að aðstoða sveitarfélög við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.



**Guðrún Dögg
Guðmundsdóttir**

Guðrún Dögg hóf störf á þróunar- og alþjóðasviði þann 1. febrúar 2010.

Guðrún er forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins. Hún tekur þátt í starfi CEMR og EFTA og sinnir tengslum við fastanefnd Íslands í Brussel. Fylgist með málum sem eru til meðferðar hjá stofnunum ESB og EFTA og annast móttöku og fræðslu fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn.



Gyða Hjartardóttir

Gyða hóf störf á lögfræði- og velferðarsviði 6. maí 2010.

Gyða annast málefna- og stefnumótunarvinnu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndar, þjónustu við fatlaða og aldraða, húsnæðismála og tengsl framangreindra málaflokka við aðra velferðarþjónustu.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2013/13

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi sem heimildir er getið.*